# FRÉTTABLAÐIÐ

268. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 13. NÓVEMBER 2018




Árbæjarskóli er sigurvegari Skrekks árið 2018 með atriðinu Gott, Betra, Best en úrslitakvöld keppninnar fór fram í gærkvöld. Þetta er annað árið í röð sem skólinn stendur uppi sigurvegari. Langholtsskóli endaði í öðru sæti og Seljaskóli í því þriðja. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndi frá Skrekk 2018 er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Íhuga stefnu vegna afgreiðslu kjararáðs

Ekki eru öll kurl komin til grafar vegna lokaákvörðunar kjararáðs. Forstöðumenn funduðu í liðinni viku og veltu upp möguleikum sínum.

**STJÓRNSÝSLA** Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) hefur nú til skoðunar hvort höfða skuli dómsmál á hendur ríkinu vegna lokaákvörðunar kjararáðs. Nokkrir félagsmenn telja að erindum þeirra hafi ekki verið svarað og þeir hafi hlotið af tjón vegna afgreiðslu ráðsins.

Kjararáð var lagt niður þegar júní rann sitt skeið. Lokaverk ráðsins var að ákvarða laun tæplega 50 forstöðumanna ríkisstofnana. Óánægju gætir meðal forstjóranna vegna stjórnsýsluhátta sem stjórnvaldið viðhafði við sína síðustu ákvörðun.

„Það er auðvitað mikil óánægja meðal þeirra sem töldu sig bera skarðan hlut frá borði. Erindum, sem sum hver voru gömul, var ekki svarað eða þeim vísað frá,“ segir Gissur Pétursson, formaður FFR.

> **Það eru forstöðumenn sem sjá ekki aðra leið færa en að fara með málið fyrir dómstóla.**
>
> Gissur Pétursson, formaður Félags forstöðumanna ríkisins



Félagsfundur fór fram í liðinni viku þar sem viðskilnaðurinn við kjararáð var til umræðu. Meðal annars var rætt hvort leita skyldi til umboðsmanns Alþingis vegna málsins eða hvort rétt væri að fara með málið fyrir dóm.

„Það er spurning hvort umboðsmaður Alþingis geti yfirhöfuð tekið á málinu þar sem kjararáð hefur verið lagt niður. Það eru ýmsir fletir á þessu sem eru óþægilega óskýrir. Í hópi okkar eru margir löglærðir menn sem vilja hafa hlutina klára og kvitta og geta illa sætt sig við að það sé gengið frá þessu máli svona eins og var gert,“ segir Gissur.

Enn liggur ekki fyrir hve marga kjararáð virti ekki svars en Gissur segir að það sé „drjúgur hópur“ sem telji sig hafa orðið fyrir tjóni vegna þessarar málsmeðferðar. Sú leið hafi meðal annars verið rædd að einn forstöðumaður höfði dómsmál, með stuðningi FFR, til að fá úr því skorið.

„Það eru forstöðumenn sem sjá ekki aðra leið færa en að fara með málið til dómstóla. Það er mikið vafamál hvort þessi málsmeðferð sé í takti við málsmeðferðarreglur stjórnsýslunnar og mögulega voru þær brotnar,“ segir Gissur. **– jóe**

## Íslenska liðið vængbrotið

**FÓTBOLTI** Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu undirbýr sig þessa dagana fyrir lokaleik liðsins í Þjóðadeild UEFA sem er gegn Belgum á fimmtudaginn kemur. Íslenska liðið mætir meiðslum hrjáð til leiks að þessu sinni þar sem ljóst er að átta leikmenn verða fjarri góðu gamni vegna meiðsla.

Auk þess er óvíst með þátttöku Birkis Bjarnasonar og Birkis Más Sævarssonar vegna eymsla. Meiðslin opna tækifæri fyrir unga og efnilega leikmenn liðsins sem hafa takmarkaða reynslu af A-landsleikjum. **– iþs**



## Fjölskyldustemning á settinu

**LÍFIÐ** Þrír Íslendingar leika í Harry Potter-framhaldsmyndinni, Fantastic Beasts: The Crimes of Grindelwald. Ingvar E. Sigurðsson, sem leikur Grimmson, segir að þrátt fyrir stærð verkefnisins hafi ríkt góður andi á settinu. Auk Ingvars leika Ólafur Darri Ólafsson og Álfrún Gísladóttir í myndinni.

Ingvar var staddur í London þegar Lífið náði tali af honum. Myndin verður frumsýnd þar í borg í kvöld.

„Þó að þetta sé risastórt batterí þá var einhver vinaleg stemning á settinu. Þetta er sama gengi og gerði megnið af Harry Potter-myndunum og það er því hálfgerð fjölskyldustemning sem maður var boðinn velkominn í.“

Myndin verður frumsýnd hér á landi á föstudag en Ingvar segir að stjörnurnar hefðu trúlega gripið tækifærið til að koma til Íslands hefði það verið hægt. „Ég er viss um að það leynast nokkrir í þessum hópi sem hafa ekki komið til Íslands og langar til þess og grípa það tækifæri fegins hendi.“




Ingvar E. Sigurðsson.

**– bb** / sjá síðu 22

## Fréttablaðið í dag



Halldór


**SKOÐUN** Linda Markúsardóttir fjallar um r(afskipt) börn. 9

**SPORT** Sif Atladóttir varð í þriðja sæti í kjöri á besta leikmanni sænsku úrvalsdeildarinnar. 18

**LÍFIÐ** Sumar mýtur eru lífseigar og þykja enn heilagur sannleikur. 34

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015






Það var mikið fagnað þegar tilkynnt var að Árbæjarskóli hefði enn eina ferðina hreppt fyrstu verðlaun í Skrekk. Þau endurtaka þannig leikinn frá því á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Árbæjarskóli hreppir hnossið á ný

Árbæjarskóli er sigurvegari Skrekks árið 2018 með atriðinu Gott, Betra, Best en úrslitakvöld keppninnar fór fram í Borgarleikhúsinu í gærkvöld. Þetta er annað árið í röð sem skólinn stendur uppi sem sigurvegari og í þriðja skipti alls. Fyrsti sigurinn kom í hús 1991 en það var í annað skiptið sem keppnin fór fram.







**Árbæjarskóli hefur nú þrisvar farið með sigur af hólmi í Skrekk.**



## Veður




Austan 3-10 í dag. Bjartviðri suðvestanlands, en dálítil rigning eða slydda um tíma í öðrum landshlutum. SJÁ SÍÐU 14

# Tveir á einum sólarhring




Gangandi vegfarandi lést eftir að hafa orðið fyrir bíl á gatnamótum Sæbrautar og Kringlumýrarbrautar í gær. Þetta var annað banaslysið í umferðinni á einum sólarhring en pólskur maður lést þegar bifreið hans valt á Borgarfjarðarbraut við Flókadalsá á sunnudagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Þögnin ein berst frá Seðlabankanum vegna dóms Hæstaréttar í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Már upptekinn í útlöndum

**DÓMSMÁL** Már Guðmundsson seðlabankastjóri getur ekki veitt viðtöl þar sem hann fundar nú með öðrum seðlabankastjórum á fundi Alþjóðagreiðslubankans í Basel í Sviss. Fréttablaðið óskaði í gær eftir viðtali við seðlabankastjóra en fjölmiðlar hafa reynt að fá viðbrögð frá honum við dómi Hæstaréttar í Samherjamálinu í síðustu viku. Már hefur ekki orðið við því þar sem hann er erlendis.

Stefán Jóhann Stefánsson, ritstjóri Seðlabankans, sagði Má hvorki geta veitt viðtöl í gær né í dag vegna fundarhaldanna í Basel.

Í málinu ógilti Hæstiréttur stjórnvaldssekt sem Seðlabankinn lagði á Samherja fyrir meint brot á reglum um gjaldeyri árið 2016. Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, sagði dóminn marka endalok sjö ára aðfarar Seðlabankans á hendur Samherja og að bankinn hefði beðið afhroð. Í viðtali við Vísi bar Þorsteinn refsiverða háttsemi upp á bankastjórann auk þess sem hann hefur verið krafinn afsagnar.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra hefur stigið fram og lýst stuðningi við Má og sagt stöðu hans örugga. Í gær sendi hún svo formanni bankaráðs Seðlabanka Íslands bréf vegna umfjöllunar um málið. Óskaði Katrín eftir greinargerð bankaráðs um málið. Már hefur hins vegar ekki gefið færi á að vera spurður þeirrar spurningar hvort hann íhugi stöðu sína, sem fyrr segir. – smj

## Víglundur Þorsteinsson látinn



Víglundur Þorsteinsson, fyrrverandi forstjóri BM Vallár, er látinn 75 ára að aldri. Víglundur, sem fæddur var 19. september árið 1943, var lengi umsvifamikill í íslensku atvinnulífi. Hann var framkvæmdastjóri fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins frá 1970 til 1971 og bæjarfulltrúi flokksins á Seltjarnarnesi frá 1974 til 1978. Víglundur var lengi í forystu ýmissa samtaka atvinnurekenda. Hann formaður Félags íslenskra iðnrekenda frá 1982 til 1991 auk þess sitja í framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambandsins frá 1984 til 1998. Einnig sat hann í stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna í rúm 20 ár. Víglundur sat í stjórn Eimskips frá 2013 til dánardags.

# Vill kanna þýðingar á lögum á fleiri tungur

**Þingmaður Viðreisnar veltir því fyrir sér hvort við séum að sinna því nægjanlega að kynna erlendum ferðamönnum og ríkisborgurum hér á landi þær reglur sem hér gilda. Bagalegt sé ef þýðingar á lögum eru ekki uppfærðar reglulega.**

**ALÞINGI** Engin heildstæð stefna liggur fyrir hvað varðar birtingu íslenskra laga og reglugerða á öðrum tungumálum en íslensku. Að mati Jóns Steindórs Valdimarssonar, þingmanns Viðreisnar, gæti verið ástæða til slíks í ljósi þess hve samfélagið hefur breyst á undanförnum árum.

Í svari utanríkisráðherra við fyrirspurn Jóns um hvernig staðið er að birtingu þýddra útgáfna á íslenskum lögum kemur fram að tilteknir bálkar hafi verið þýddir yfir á ensku en ekki er um þýðingu á önnur tungumál að ræða. Þá var ekki unnt að veita svör við því hvenær þýðingarnar voru uppfærðar. Sambærilegum fyrirspurnum sem þingmaðurinn sendi til annarra ráðuneyta hefur ekki verið svarað.

Könnun Fréttablaðsins leiddi í ljós að á enskri útgáfu vefs Stjórnarráðsins eru 360 lög og reglugerðir birt á ensku. Um tveir þriðju hlutar þeirra koma frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og velferðarráðuneytinu. Fréttablaðið fann ekki dæmi um þýðingar á önnur tungumál.

„Undanfarin ár hafa orðið breytingar á samfélaginu. Bæði vegna aukins straums ferðamanna og fjölgunar íbúa hér á landi sem tala hvorki né lesa íslensku sér til skilnings. Tilgangurinn með þessum spurningum er að kanna hvernig við þjónum þessum hópum,“ segir Jón Steindór.

Erlendir ríkisborgarar búsettir hér á landi í fyrra voru rúmlega 30 þúsund og hefur fjöldi þeirra fjórfaldast frá aldamótum. Langflestir þeirra, ríflega 13 þúsund, eiga rætur að rekja til Póllands en að auki eru fjölmennir hópar frá Norðurlöndunum, Bandaríkjunum, Filippseyjum og Taílandi.



Ferðamönnum og útlendingum hér á landi hefur fjölgað. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Í öðru lagi tel ég að það eigi að kanna hvort ástæða sé til að fjölga þeim tungumálum sem við þýðum lög og reglur á.



Jón Steindór Valdimarsson, þingmaður Viðreisnar

„Í fyrsta lagi langar mig að vita hvort við séum að sinna fólkinu nægilega og gera réttindi og skyldur þessara hópa nægilega aðgengileg. Einnig þeim sem eru að aðstoða þau, til að mynda lögmenn og stéttarfélög. Í öðru lagi tel ég að það eigi að kanna hvort ástæða sé til þess að fjölga þeim tungumálum sem við þýðum lög og reglur á,“ segir hann.

Þá telur Jón Steindór að mögulega þurfi að breyta því hve oft þýddar útgáfur eru uppfærðar. Sé þýðingin á almennum hegningarlögum til að mynda skoðuð sést að sú útgáfa er frá september 2015. Síðan þá hefur lögunum verið breytt sex sinnum.

„Það er auðvitað bagalegt er langt líður á milli þess sem þýðingar eru uppfærðar. Best væri ef þetta væri uppfært jafnóðum,“ segir Jón Steindór. **joli@frettabladid.is**



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Gjafakort Bónus

VINSÆLASTA JÓLAGJÖFIN Í BÓNUS




## Gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla

**Gjafakortið fæst til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus**

**BÓNUS EKKERT BRUÐL**

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# Líkfundur í Himalajafjöllum ekki kominn í formlegt ferli

**UTANRÍKISMÁL** Samkvæmt upplýsingum frá bæði alþjóðadeild Ríkislögreglustjóra og Sveini H. Guðmarssyni, upplýsingafulltrúa utanríkisráðuneytisins, hefur íslenska ríkinu ekki borist formlegt erindi varðandi tvö lík sem fundust í Himalajafjöllum.

Líkin eru talin vera af þeim Þorsteini Guðjónssyni og Kristni Rúnarssyni sem hurfu sporlaust árið 1988 við klifur á fjallinu Pumo Ri. Greint var frá því á vef Fréttablaðsins um helgina að nú 30 árum síðar hefði bandarískur fjallgöngumaður sagst hafa fundið lík mannanna á fjallinu.

Í svari alþjóðadeildar Ríkislögreglustjóra við fyrirspurn Fréttablaðsins um hver næstu skref yrðu og hvort áformað væri að flytja lík mannanna heim kemur fram að embættinu hafi ekki borist formlegt erindi en að fyrirspurn verði send til „erlendra samstarfsaðila til að fá frekari upplýsingar um málið og framhald þess“.

Sveinn sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að borgaraþjónusta utanríkisráðuneytisins stæði öllum opin og að allt yrði gert sem hægt væri að gera bærist formlegt erindi varðandi líkfundinn. – khn

**» Þorsteinn og Kristinn hurfu sporlaust árið 1988 þegar þeir klifu fjallið Pumo Ri í Himalajafjöllum.**



Þorsteinn Guðjónsson og Kristinn Rúnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/TORFI HJALTASON

## Læknar vilja rafrettur úr sölu

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknafélag Íslands skorar á yfirvöld að stöðva tafarlaust sölu á rafrettum, eftir því fyrirkomulagi sem nú er, ella sé árangri Íslands á heimsmælikvarða í minnkun reykinga barna stefnt í hættu. Aðalfundur félagsins fór fram um liðna helgi en þar var ályktun þess efnis samþykkt.

Í ályktun fundarins er vísað í tölur úr könnun frá Embætti landlæknis þar sem sýnt er fram á að ríflega 22 prósent barna í 10. bekk höfðu reykt rafrettu einu sinni eða oftar síðasta mánuðinn.



„Fundurinn skorar á yfirvöld að stöðva án tafar sölu á rafrettum eftir því fyrirkomulagi sem nú er, því rafrettur eru hættulegar,“ segir í ályktuninni.

Alþingi samþykkti í júní frumvarp til nýrra laga um rafrettur og áfyllingar. Þau öðlast gildi hinn 1. mars á næsta ári en lagaumgjörð um rafrettur hefur hingað til ekki verið til hér á landi. – dfb


FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.


# Borgin ýtir á eftir fé í borgarlínu

**Verkefnahópur um útfærslur og fjármögnun borgarlínu skilar af sér fyrir eða eftir helgi. Borgin segir skýrt að ríkið geti ekki staðið við áætlanir í loftslagsmálum án breyttra samgangna. Oddviti VG í borginni segir skýran vilja hjá VG í ríkisstjórn til að fjármagna borgarlínu.**



**SAMGÖNGUR** Stefnt er að því að verkefnahópur um borgarlínu, almenningssamgöngukerfi á höfuðborgarsvæðinu, ljúki drögum að tillögum um fjármögnun og útfærslur í þessari viku eða byrjun næstu, að sögn Hreins Haraldssonar, fyrrverandi vegamálastjóra og formanns verkefnahópsins. Þá verði niðurstöður hópsins kynntar Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og samgönguráðherra. Viljayfirlýsing samgönguráðherra, borgarstjóra, og bæjarstjóra á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu samgangna var undirrituð í september, um svipað leyti og samgönguáætlun var kynnt, en í kynningu hennar var ekki gert ráð fyrir fjármunum í uppbyggingu borgarlínu.

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri segir í sínum huga ljóst að um sé að ræða sameiginlegan vilja ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til að fjármögnun borgarlínu verði tryggð. „Við höfum litið svo á að endanleg samgönguáætlun liggi ekki fyrir. Enda er engin tilviljun að það er skrifað undir viljayfirlýsingu nánast samtímis og samgönguáætlun er kynnt. Það undirstrikaði í mínum huga vilja ríkisstjórnarinnar til að ráðast í átak í samgöngumálum höfuðborgarsvæðisins, í stofnvegum, borgarlínu og stofnstígakerfi fyrir hjólreiðar. Þetta eru lykilaðgerðir til að ná árangri í loftslagsmálum og að ekki verði frekari tafir í umferðinni.“ Allar fyrirhugaðar breytingar á samgönguáætlun munu svo fara fyrir Alþingi sem þarf að samþykkja þær.

Í umsögn borgarinnar um samgönguáætlun er lögð mikil áhersla á að samgönguáætlun verði breytt verulega. Ekki sé gert ráð fyrir fjármagni til undirbúnings né nauðsynlegra framkvæmda sem lúta að eflingu almenningssamgangna og uppbyggingu borgarlínu.

Sín megin hefur borgarstjórn þegar samþykkt að klára breytingar á aðalskipulagi til að tryggja framgang borgarlínu og að framkvæmdir við fyrstu hluta verksins verði tilbúnar í útboð árið 2020. „Í fimm ára fjárhagsáætlun borgarinnar, sem kynnt var í síðustu viku, var gert ráð fyrir um fimm milljörðum í uppbyggingu borgarlínu,“ útskýrir Dagur.

Í umsögninni er enn fremur reifað að ekki verði séð hvernig ríkisstjórnin ætli sér að standa við metnaðarfullar áætlanir í loftslagsmálum nema með breyttu samgöngumynstri á höfuðborgarsvæðinu. Líf Magneudóttir, oddviti Vinstri grænna í borginni, segir ljóst að borgarlína sé liður í því að staðið verði við áætlanir í umhverfismálum sem ríkisstjórnin hefur sjálf sett sér.

„Það er algjörlega ljóst að á höfuðborgarsvæðinu verður að ráðast í þessar framkvæmdir við borgarlínu. Ég veit að minn flokkur í ríkisstjórn ýtir mjög á þetta. Kannski eru efasemdarraddir uppi hjá samstarfsflokkunum, Framsókn og Sjálfstæðisflokki, en ég get ekki svarað fyrir það. Ég get bara haldið áfram að þrýsta hérna megin frá og mun halda því áfram,“ segir Líf. olof@frettabladid.is

### Hvað er borgarlína?

Borgarlínan mun ferðast í sérrými í gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins með forgang á umferðarljósum sem eykur áreiðanleika og ferðahraða. Tíðni ferða verður mikil og getur farið í 5-7 mínútur á annatímum en þar sem þörf er á meiri afkastagetu getur hún farið í um 2 mínútur. Lögð verður áhersla á vandaðar yfirbyggðar biðstöðvar, með farmiðasjálfsölum og samtíma upplýsingaskiltum sem sýna hvenær næsti vagn kemur.

### Kostnaður borgarlínu

Áætlaður kostnaður er um **1,10-1,15 milljarðar króna** á hvern kílómetra á verðlagi í janúar 2017. Heildarkostnaður gæti því numið **63** til **70 milljörðum**. Miðað er við að borgarlínan verði byggð upp í áföngum og mun kostnaður því dreifast yfir langt tímabil.
**Heimild: Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu**



**Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.**


RAM 3500 - HÖRKUTÓL SEM ENDIST

ramisland.is





TRYGGÐU ÞÉR NÝJAN RAM 3500 SLT, LARAMIE EÐA LIMITED.
RAM 3500 VERÐ FRÁ KR. 6.395.000 ÁN VSK.
KR. 7.929.800 MEÐ VSK.

RAM 3500 LIMITED 40" BREYTTUR

ÍSBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

UMBOÐSAÐILI RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

RAM



Snertilausar greiðslur Íslandsbanka
islandsbanki.is
Borgaðu
með símanum
í næsta posa
Sæktu kortaappið og tengdu kreditkortið þitt.
Þú borgar snertilaust í posum um allan heim með
Android og innan skamms með iOS og snjallúrum.
Nánar á islandsbanki.is
440 4000
12:30
Almennt
Credit
Endar á 7242
mastercard
Notkun á tímabili
120.450 kr.
Til ráðstöfunar
279.550 kr.
Engir ógreiddir reikningar

# Enn hækkar tala látinna í Kaliforníu

**BANDARÍKIN** Að minnsta kosti 31 hafði í gær látist í skógareldunum sem geisa í Kaliforníuríki Bandaríkjanna. Til viðbótar við þá 25 sem fundust um helgina fundust lík sex í norðurhluta ríkisins. Að auki hefur um 250.000 verið gert að yfirgefa heimili sín og enn er 228 saknað.

Um þrenna skógarelda er í raun að ræða. Þeir stærstu, sem geisa í norðurhluta ríkisins, eru kenndir við Camp, smærri eldar sem ná niður að Malibu í suðurhlutanum eru kenndir við Woolsey.

Samkvæmt fréttaveitunni AP voru tíu leitarhópar að störfum í bænum Paradise og nærsveitum í gær, en þessi tæplega 30.000 manna bær fuðraði upp í síðustu viku í Camp-eldunum. Erfðaefnisrannsóknastofa var sett upp á svæðinu til þess að bera kennsl á fórnarlömbin.

Eldarnir eru þeir mannskæðustu í sögu Kaliforníu og þá hafa engir skógareldar valdið jafnmikilli eyðileggingu. Þeir hafa brennt 450 ferkílómetra svæði og hefur ekki verið komið í veg fyrir frekari útbreiðslu nema að fjórðungi. Heimili frægðarmenna hafa brunnið í Woolsey-eldunum. Til dæmis heimili söngkonunnar Miley Cyrus og tónlistarmannsins Neils Young. – þea



**Erfðarannsóknir verða gerðar til að bera kennsl á líkin** NORDICPHOTOS/GETTY

## Loftárásir á Gasasvæðinu

**PALESTÍNA** Átökin á milli Ísraela og Palestínumanna á Gasasvæðinu halda áfram eftir að Ísraelar myrtu sjö Hamas-liða hinum megin við landamærin að Gasasvæðinu á mánudag. Þá hafði ísraelsk sveit farið þrjá kílómetra inn fyrir landamærin og skotið á hermenn samtakanna.

Hamas-liðar skutu 80 eldflaugum á suðurhluta Ísraels. Tíu særðust að sögn fjölmiðla þar en engar fregnir voru af mannfalli. „Til þess að svara glæp gærdagsins tilkynnir sameiginleg yfirstjórn palestínskra fylkinga um að sprengjuárásir á landtökubyggðir óvinarins séu hafnar,“ sagði í tilkynningu frá Hamas. Þá svöruðu Ísraelar með loftárás sem kostaði tvo hermenn Hamas lífið. – þea

## Stan Lee allur

**ANDLÁT** Myndasöguhöfundurinn Stan Lee er allur, 95 ára að aldri. Lee var brautryðjandi í myndasöguheiminum og var um tíma aðalhöfundur og ritstjóri Marvel-útgáfufyrirtækisins. Hann blés nýju lífi í greinina með ofurhetjum á borð við Köngulóarmanninn, X-Men, Hulk og fleiri.



Stan Lee.

Lee átti mikilli velgengni að fagna, sérstaklega á síðustu árum þegar hetjur hans rötuðu á hvíta tjaldið í vinsælum kvikmyndum. Lee kom oft við sögu í myndunum þar sem hann fór með lítil hlutverk. – khn

# Ráðherra segir einingu innan ríkisstjórnar um orkupakkann

**Iðnaðarráðherra segir að horfa verði á þriðja orkupakkann í samhengi við EES-samninginn. Ekki í fyrsta skipti sem því sé haldið fram að of langt sé gengið gagnvart stjórnarskrá. Sé vilji til þess að segja nei við því sem hefur verið samþykkt í sameiginlegu EES-nefndinni verði menn að geta tekið afleiðingunum.**

**ALÞINGI** „Menn verða að horfa á þetta í því samhengi sem málið er í. Þetta snýst um EES-samninginn. Ég hef áður reifað það að þetta er ekki fyrsta málið þar sem menn hafa áhyggjur af því að tveggja stoða kerfið sé ekki virt sem skyldi og að við séum að ganga of langt gagnvart stjórnarskránni,“ segir Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir iðnaðarráðherra um þriðja orkupakka ESB.

Sameiginlega EES-nefndin samþykkti í maí á síðasta ári að taka þriðja orkupakka ESB upp í EES-samninginn. Noregur og Liechtenstein hafa þegar samþykkt tilskipunina en þurfa að bíða þess að Ísland geri það svo hún öðlist gildi. Til stendur að leggja fram þingmál í febrúar til að afgreiða málið.

„Það er engin óeining innan ríkisstjórnarinnar um málið,“ segir Þórdís.

Þær lagagerðir sem mynda þriðja orkupakka ESB voru samþykktar 2009. Um var að ræða breytingar á lagaumhverfi innri markaðar ESB fyrir raforku og jarðgas. Með pakkanum var gerð enn skýrari aðgreining milli eignarhalds flutningskerfis raforku og annarrar orkutengdrar starfsemi.

Þá er lögð áhersla á sjálfstæði innlendra eftirlitsstofnana og sett var á fót samstarfsstofnun eftirlitsaðila á orkumarkaði sem beri heitið ACER. Sú stofnun getur tekið lagalega bindandi ákvarðanir gagnvart eftirlitsaðilum aðildarríkja ESB. Samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar mun Eftirlitsstofnun EFTA hafa þessar valdheimildir þegar kemur að ríkjum EES.



**Lagagerðir þriðja orkupakka ESB voru samþykktar 2009.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Það er engin óeining innan ríkisstjórnarinnar um málið.
>
> Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir iðnaðarráðherra

„Þetta er auðvitað mál sem kemur inn á tilfinningar fólks af því að Íslendingar, sem betur fer, átta sig á því að við erum mjög rík af náttúruauðlindum og við viljum hafa stjórn á þeim sjálf,“ segir Þórdís.

Hún bendir á að þetta mál snúi eingöngu að því að þegar við höfum tekið ákvörðun um að nýta sameiginlegar auðlindir til að framleiða raforku, sé litið á raforkuna sem vöru. „Það er ekkert sem er að gerast með innleiðingu á þriðja orkupakkanum. Það er búið að vera þannig frá því að fyrsti orkupakkinn var innleiddur 2003.“

Ekkert liggi þó á og verið sé að skoða málið með ítarlegri hætti en áður hafi verið gert. Ráðherrann segist skilja að spurt sé hvers vegna verið sé að innleiða reglugerðir og tilskipanir sem snúi að meginstefinu til um sameiginlegan orkumarkað þegar Íslendingar séu með einangrað raforkukerfi sem ekki standi til að breyta.

„Við höfum aldrei látið á það reyna að segja einfaldlega nei við að innleiða gerðir sem hafa verið teknar upp í sameiginlegu EES-nefndinni. Það er auðvitað okkar ákvörðun að gera það. Þá verða menn bara að vera tilbúnir að taka afleiðingunum. Við höfum í 25 ár talið að hagsmunum okkar sé betur borgið með EES-samningnum. Ég er ennþá þeirrar skoðunar og það er ríkisstjórnin líka.“

sighvatur@frettabladid.is






AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
HVERFISGÖTU 56, 101 RVK

**SEX RÉTTA HÁTÍÐARSEÐILL**
18. OKTÓBER TIL 18. NÓVEMBER
*6.990 kr. sun-fim | 7.790 kr. fös-lau*

552-1630
AUSTURINDIA.IS

# Jafnvægið



**Kjartan Hreinn Njálsson**
kjartanh@frettabladid.is

Það er engum blöðum um það að fletta að árið 2018 hefur verið – hingað til að minnsta kosti – sögulegt ár í loftslagsmálum. Sögulegir kjarr- og skógareldar í Evrópu, Norður-Ameríku og Asíu; mannskæðar hitabylgjur beggja vegna Atlantsála, snjókoma í Saharaeyðimörkinni og frosnar græneðlur í Flórída. Allt eru þetta dæmi um þá öfgakenndu veðráttu sem verður æ algengari á tímum loftslagsbreytinga af mannavöldum.

Á undanförnum mánuðum höfum við jafnframt fengið ítrekaðar áminningar um þann veruleika sem afkomendur okkar munu fá í vöggugjöf takist okkur ekki að stemma stigu við þessum breytingum. Nýleg skýrsla á vegum Alþjóðlega náttúruverndarsjóðsins sýnir fram á það hvernig athafnir mannsins hafa leitt til 60 prósenta fækkunar einstaklinga í fylkingu hryggdýra síðan árið 1970. Þessar og sannarlega fleiri breytingar á líffræðilegum fjölbreytileika náttúrunnar hafa átt sér stað á því sem nemur augnabliki í þróunarsögu Jarðarinnar.

Ekkert af þessu eru óvænt tíðindi. Í megindráttum eru áhrifin af gegndarlausri losun okkur á gróðurhúsalofttegundum kunn og hafa verið það áratugum saman.

Önnur og ekki síðri ábending um að í óefni stefni birtist á dögunum í skýrslu Milliríkjanefndar Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (IPCC). Sú skýrsla, sem í raun má kalla miður uppörvandi sjúkdómsgreiningu fyrir plánetuna, varpar ljósi á það að hnattræn hlýnun stefnir að óbreyttu í að hækka umfram metnaðarfyllri markmið Parísarsamkomulagsins um 1,5 gráður.

Verkefni loftslagsbreytinga og losunar gróðurhúsalofttegunda eru risavaxin. Fyrir einstaklinginn eru þau yfirþyrmandi og virðast jafnvel óyfirstíganleg. Og það er ekki óeðlilegt viðhorf, enda mun einstaklingurinn aldrei verða hinn endanlegi áhrifavaldur í baráttunni við loftslagsbreytingar. Engu að síður er það alla jafna einstaklingurinn sem er látinn axla ábyrgðina, en ekki fyrirtækin sem sannarlega bera hina raunverulegu ábyrgð.

Á meðan almenningur hefur lagt sitt af mörkum og tekið skynsamlegri og umhverfisvænni ákvarðanir í tengslum við lífsstíl sinn og venjur, þá hefur ekkert lát verið á notkun kola hér á landi við framleiðslu málma. Í raun hefur útblástur gróðurhúsalofttegunda í Evrópu aukist á þessu ári, á sama tíma og afleiðingar loftslagsbreytinga raungerast fyrir framan nefið á okkur.

Loftslagsbreytingar verða ekki endalok alls. Jörðin mun spjara sig, eins og hún hefur ávallt gert. En það er vafasamt að gleyma því viðkvæma jafnvægi sem myndað hefur kjöraðstæður fyrir mannkyn að dafna síðustu árþúsund. Það jafnvægi – sú stjarnfræðilega hending í raun – er hvorki sjálfsagt né varanlegt fyrirbæri. Krafa okkar til yfirvalda og stórfyrirtækja, lögð fram í nafni afkomenda okkar, um tafarlausar og róttækar aðgerðir ætti að byggja á þeirri ögn sem steðjar að þessu jafnvægi.

**Loftslagsbreytingar verða ekki endalok alls. Jörðin mun spjara sig, eins og hún hefur ávallt gert.**




## Halldór



## Frá degi til dags

**Guðni fær gula spjaldið**
**Mikill meirihluti hlustenda Útvarps Sögu, eða 78% af þeim 369 sem tóku þátt í netkosningu á vef stöðvarinnar, vill ekki að Guðni Th. Jóhannesson verði endurkjörinn í embætti forseta Íslands. Forsetinn getur þó andað rólega þar sem „skoðanakannanir“ stöðvarinnar standast engar fræðilegar kröfur og í heimi úrtaksins er Donald Trump „æði“. Þar fyrir utan má helst heyra á hlustendum að þeim þyki Guðni hinn vænsti drengur. Gallinn er bara að hann er ekki Ólafur Ragnar Grímsson, sómi, sverð og skjöldur þjóðarinnar. Hetja sem hikar ekki við að grípa fram fyrir hendurnar á lýðræðislega kjörnu framkvæmda- og löggjafarvaldinu.**

**Hallur veifar rauða**
**Guðni er ekki sá eini sem þarf að hugsa sinn gang í Söguheimum og forysta Sjálfstæðisflokksins hlýtur að svitna eftir reiðilestur Halls Hallssonar, fyrrverandi réttargæslumanns háhyrningsins Keikó, á Sögu. Hlustendur óttast það meira en endurnýjaða Spænsku veikina að forsetinn muni ekki vísa fóstureyðingafrumvarpi og þriðja orkupakkanum til þjóðarinnar. Hallur hefur áhyggjur af því að flokksforystan muni heldur ekki lyfta litla fingri í þessum efnum. Geri hún það ekki þá gerir Hallur skýra kröfu um að Bjarni Benediktsson og hans hirð verði að víkja.** thorarinn@frettabladid.is

# Nýsköpun á húsnæðismarkaði



**Dagur B. Eggertsson**
borgarstjóri

Síðasta vetur auglýsti borgin eftir nýjum lausnum og hugmyndum í húsnæðismálum undir yfirskriftinni Hagkvæmt húsnæði – ungt fólk og fyrstu kaupendur. Um 70 hópar eða einstaklingar skiluðu inn hugmyndum af öllum stærðum og gerðum. Eftir strangt ferli sitja nú eftir níu hópar sem hafa verið valdir til að gera hugmyndir að veruleika. Í öllum verkefnum er metnaður og ný hugsun á byggingarmarkaði. Markmið borgarinnar er að tryggja hagkvæmt húsnæði á viðráðanlegu verði en um leið verður verkefnið eitt athyglisverðasta nýsköpunarverkefni í byggingariðnaði á Íslandi um áratugaskeið. Þarna eru nýjar tæknilausnir, deililausnir og eldri hugmyndir færðar til nútímans. Og markmiðið er ódýr leiga og íbúðir á viðráðanlegu verði.

Næsta skref er að semja um lóðir fyrir yfir 500 íbúðir á sjö spennandi stöðum í borginni. Borgin lætur lóðirnar gegn skýrum kvöðum um ódýrar íbúðir til kaups eða örugga langtímaleigu sem ekki hækki umfram verðlag nema með samþykki borgarinnar. Tilgangurinn er að fara nýjar leiðir við að byggja og til að koma til móts við hópa sem hafa átt erfitt uppdráttar á húsnæðismarkaði. Ungt fólk og aðra sem geta hvorki keypt né leigt á viðráðanlegu verði.

Á föstudaginn heldur Reykjavíkurborg árlegan fund um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík. Þar förum við yfir stöðu uppbyggingar í Reykjavík og hvað er fram undan. Síðustu misseri höfum við slegið met í lóðaúthlutunum og það sem gerir þennan fund sérstaklega spennandi er að árið í ár er stærsta byggingarár í sögu Reykjavíkur. Íbúðum á framkvæmdastigi fjölgar umtalsvert á milli ára. Útgefin byggingarleyfi hafa aldrei verið fleiri en á þessu ári. Hlutfall uppbyggingar af hálfu húsnæðisfélaga sem eru að byggja fyrst og fremst til að framleiða öruggt húsnæði á viðráðanlegu verði, en án hagnaðarsjónarmiða, hefur aldrei verið hærra. Allt þrennt er fagnaðarefni og fjölmargt spennandi fram undan.

**Tilgangurinn er að fara nýjar leiðir við að byggja og til að koma til móts við hópa sem hafa átt erfitt uppdráttar á húsnæðismarkaði.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# (R)afskiptu börnin



**Linda Markúsardóttir**
íslensku- og talmeinafræðingur

Að jafnaði mynda börn sín fyrstu orð um 10–13 mánaða aldur en áður en þau læra að tala hafa þau lært heilmargt um samskipti. Ómálga börn leita margoft á hverjum degi eftir viðbrögðum foreldra sinna eða umönnunaraðila við gjörðum sínum, leita eftir samþykki, hvatningu, brosi eða hættu í andlitum okkar svo þau viti hvernig þeim ber að túlka heiminn. Hvað gerist þá ef einmitt þau andlit sem þau leita eftir eru grafin ofan í snjallsíma eða tölvu?

Börn eru mörg hver (r)afskipt í dag. Þá er ég ekki aðeins að vísa til þess að umönnunaraðilar þeirra megi ekki vera að því að sinna þeim og eiga í nauðsynlegum samskiptum vegna þess að þeir eru svo uppteknir af snjalltækjunum sínum. Umönnunaraðilarnir henda líka í börnin spjaldtölvum og símum til að þeir geti keypt sér frið til þess að sinna sínu. Það snarvirkar, þessi tæki eru ávanabindandi og börnin sitja sátt í innkaupakerrum, á biðstofum, í strætó eða hvar sem er með dópamínið (ánægjuhormón) í blússandi botni. Tíminn líður, foreldrar njóta þess tíma sem þeir hafa í friði og átta sig jafnvel ekki fyrr en líður að háttatíma. Þá eru börnin drifin í rúmið, bókalaus og samskiptaskert og hafa jafnvel aðeins haft enskt, stafrænt ílag í eyrunum og fyrir augunum frá því þau komu heim af leikskólanum eða úr skólanum.

**Börn eru mörg hver (r)afskipt í dag. Þá er ég ekki aðeins að vísa til þess að umönnunaraðilar þeirra megi ekki vera að því að sinna þeim og eiga í nauðsynlegum samskiptum vegna þess að þeir eru svo uppteknir af snjalltækjunum sínum. Umönnunaraðilarnir henda líka í börnin spjaldtölvum og símum til að þeir geti keypt sér frið til þess að sinna sínu.**

Það er til mjög þekkt tilraun innan sálfræðinnar sem heitir svipbrigðalausa andlitið (e. The still face experiment). Í henni felst að móðir á í eðlilegum samskiptum við eins árs barn sitt en skiptir snarlega um ham. Í tvær mínútur bregst móðirin alls ekki við tilraunum barns síns til þess að eiga í samskiptum við hana og horfir svipbrigðalaus á það þrátt fyrir að það bendi í allar áttir, brosi til hennar og geri allt sem það getur til að ná athygli móður sinnar. Þetta endar, án undantekninga, í niðurbroti. Barnið grætur, öskrar og verður auðsjáanlega miður sín.

Hvað kemur þetta málinu við? Jú, nútíminn er að einhverju leyti að breytast í eina ofvaxna tilraun svipbrigðalausra andlita sem eru grafin ofan í snjalltæki.

Eitt er nauðsynlegt að hafa á hreinu, netið er ekki óvinur okkar og tækni er, heilt yfir, af hinu góða. Tækni bjargar mannslífum, eykur dýpt skólastarfs ef hún er rétt notuð og gerir ástvinum sem staddir eru hver í sínu heimshorni kleift að eiga í samskiptum og svo mætti lengi telja. Það breytir því þó ekki að ef börn læra ekki að eiga í viðeigandi samskiptum í raunheimum munu þau ekkert frekar vita hvað er við hæfi í netheimum. Þar er til dæmis æði algengt að orðbragð sé notað sem enginn mundi grípa til stæði hann augliti til auglitis við aðra manneskju.

Ég hef áður farið mikinn vegna mögulegrar útrýmingar íslenskrar tungu en kannski hef ég farið einu skrefi of langt. Byrjum á að eiga í samskiptum, snúum okkur því næst að tungumálinu sem samskiptin fara fram á.

# Ráðleggingar fyrir þroska og umönnun barna

**Sesselja Guðmundsdóttir**
sviðsstjóri ung- og smábarnaverndar hjá Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

**Ástþóra Kristinsdóttir**
sérfræðiljósmóðir hjá Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

**Sólrún Ósk Lárusdóttir**
sálfræðingur hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Ung- og smábarnavernd og mæðravernd eiga sér langa sögu á Íslandi og stendur öllum verðandi mæðrum og foreldrum ungra barna til boða á heilsugæslustöðvum. Lögð er áhersla á að efla þekkingu og styrkja færni foreldra í nýjum aðstæðum. Hjúkrunarfræðingar í ung- og smábarnavernd á Íslandi hafa í mörg ár skimað fyrir andlegri vanlíðan hjá konum eftir fæðingu og nú er einnig skimað fyrir kvíða og þunglyndi á meðgöngu hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Ef foreldrar glíma við þunglyndi, streitu eða kvíða þá getur það haft áhrif á samskipti á heimilinu. Boðið er upp á viðtöl við ljósmæður, hjúkrunarfræðinga, sálfræðinga og heimilislækna og einnig eru í boði námskeið til að stuðla að bættri líðan.

Tengslamyndun getur tekið tíma, en góð tengsl milli foreldra og barns leggja grunninn að sjálfstæðum og öruggum einstaklingi. Foreldrar geta styrkt tengslin við barnið með snertingu, að tala við barnið, leika við það, mynda augnsamband og setja orð í athafnir. Embætti landlæknis og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hafa látið þýða þrjú myndbönd með leyfi frá frá Center on the Developing Child við Harvard-háskóla en þau sýna hvernig reynsla barns á fyrstu æviárunum hefur áhrif á þroska barnsins. Hægt er að skoða myndböndin á Heilsuvera.is undir „Tengsl foreldra og ungbarna“.

**Veggspjaldið gefur hugmyndir um hve auðvelt er að örva barnið til þroska. Það er mikilvægt að sýna ást og umhyggju, vera til staðar, vera vakandi fyrir áhuga barnsins, kenna því nýja færni, tala við það, hlusta og hrósa.**

Embætti landlæknis, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins og UNICEF á Íslandi hafa einnig unnið saman að þýðingu veggspjalds sem verður dreift á allar heilsugæslustöðvar á landinu og víðar. Veggspjaldið gefur hugmyndir um hve auðvelt er að örva barnið til þroska. Það er mikilvægt að sýna ást og umhyggju, vera til staðar, vera vakandi fyrir áhuga barnsins, kenna því nýja færni, tala við það, hlusta og hrósa. Gott er að hafa í huga að foreldrar eru fyrirmynd barna sinna og börnin læra af því sem fyrir þeim er haft.




ENNEMM / SÍA / NM90857

Vetrarglaðningur að verðmæti 450.000 kr.

Við bjóðum vetrarglaðning að verðmæti allt að 450.000 kr. með nokkrum Hyundai Tucson fram að jólum. Nýja gerðin af Tucson er hlaðinn nýjungum á borð við skynvædda neyðarhemlun og hraðastilli með fjarlægðarskynjun.

Hyundai Tucson - 2wd, dísil, ssk. Verð frá 5.290.000 kr.

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

HYUNDAI

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á.
Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

## Spennandi toppbarátta



Haukar komust upp að hlið Selfoss og FH á toppi Olísdeildar karla í handbolta með sigri gegn Selfyssingum í áttundu umferð deildarinnar í gærkvöldi. Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði tvö mörk fyrir Hafnarfjarðarliðið í leiknum, en Daníel Þór Ingason lék á als oddi og skoraði tíu mörk. Haukar, Selfoss og FH hafa hvert um sig 12 stig á toppi deildarinnar og Afturelding og Valur eru einu stigi á eftir. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Meiðslalistinn lengist enn

**Gylfi Þór Sigurðsson var síðastur til að bætast á langan meiðslalista íslenska landsliðsins. Átta verða fjarverandi vegna meiðsla í leikjunum gegn Belgíu og Katar. Íslenski hópurinn er reynsluminni en oft áður.**

**FÓTBOLTI** Eftir tímabil þar sem þjálfarar íslenska karlalandsliðsins í fótbolta gátu oftast stillt upp sama eða svipuðu byrjunarliði leik eftir leik blasir annar veruleiki við Erik Hamrén í dag.

Hvorki fleiri né færri en átta leikmenn, sem væru alla jafna í hópnum, verða fjarverandi gegn Belgíu í Þjóðadeildinni og vináttulandsleiknum gegn Katar á næstu dögum vegna meiðsla. Síðan Hamrén tók við hefur hann aldrei getað teflt fram sínu sterkasta liði en ástandið er sérstaklega slæmt núna. Meiðsladraugurinn ásækir íslenska liðið af miklum krafti þessi dægrin.

Gylfi Þór Sigurðsson var síðastur til að bætast á meiðslalistann en hann meiddist í leik Everton og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni á sunnudaginn. Daginn áður meiddist Jóhann Berg Guðmundsson í leik Burnley og Leicester City. Tveir af þremur Íslendingum í ensku úrvalsdeildinni verða því fjarverandi í leikjunum gegn Belgíu og Katar. Aron Einar Gunnarsson er hins vegar kominn aftur inn í hópinn í fyrsta sinn frá HM í sumar. Hann leikur gegn Belgíu en fær frí gegn Katar.

Fyrir utan Gylfa og Jóhann Berg eru Emil Hallfreðsson, Ragnar Sigurðsson, Jón Daði Böðvarsson, Björn Bergmann Sigurðarson, Hólmar Örn Eyjólfsson og Rúnar Már Sigurjónsson meiddir. Sjö af þessum átta leikmönnum voru í HM-hópnum í sumar. Leikmennirnir átta sem eru á meiðslalistanum hafa samtals leikið 375 landsleiki, eða 46,9 að meðaltali á mann. Þeir 24 leikmenn sem eru í íslenska hópnum, eins og hann lítur út í dag, eiga að meðaltali 30,4 landsleiki að baki. Reynslan hefur því oft verið meiri í íslenska hópnum en akkúrat núna.

Tveir leikmenn í íslenska hópnum (Jón Dagur Þorsteinsson og Arnór Sigurðsson) hafa ekki enn leikið landsleik. Sjö leikmenn (Rúnar Alex Rúnarsson, Hjörtur Hermannsson, Guðmundur Þórarinsson, Guðlaugur Victor Pálsson, Samúel Kári Friðjónsson, Albert Guðmundsson og Andri Rúnar Bjarnason) hafa leikið á bilinu tvo til níu landsleiki.

Það verða viðbrigði að sjá íslensku vörnina án Ragnars Sigurðssonar. Hann hefur leikið 43 keppnisleiki með landsliðinu í röð og ekki misst af keppnisleik síðan 2011.

Ragnar lék alla tíu leikina í undankeppni HM 2014 og 2018, tvo umspilsleiki gegn Króatíu fyrir HM 2014, tíu leiki í undankeppni EM 2016, leikina fimm á EM 2016, þrjá leiki á HM 2018 og leikina þrjá í Þjóðadeildinni í ár. Fastlega má gera ráð fyrir því að Kári Árnason og Sverrir Ingi Ingason standi vaktina í miðri vörn Íslands gegn Belgíu.

Í leikjunum þremur í Þjóðadeildinni hefur Hamrén notað 22 leikmenn. Til samanburðar notaði Heimir Hallgrímsson 22 leikmenn í tíu leikjum í undankeppni HM 2018.

Það er bót í máli að úrslit leiksins gegn ógnarsterku liði Belga skipta litlu. Ísland er fallið úr A-deild Þjóðadeildarinnar eftir að hafa tapað fyrstu þremur leikjum sínum í keppninni. Leikurinn gegn Katar er svo vináttulandsleikur.

Aðrir leikmenn en þeir sem hafa skipað íslenska landsliðið á síðustu árum fá núna tækifæri til að spreyta sig og Hamrén ætti að vera nær því að finna hvaða hesta hann getur veðjað á í undankeppni EM 2020.

ingvithor@frettabladid.is

### Meiðslalisti íslenska landsliðsins




**22**

**leikmenn hafa verið notaðir í fyrstu þremur leikjum Íslands í Þjóðadeildinni.**

**» Ragnar Sigurðsson missir í fyrsta sinn af keppnisleik með íslenska landsliðinu síðan árið 2011.**

## Nýjast

**Olís-deild karla**

### KA - Afturelding 28-30

**KA:** Áki Egilsnes 7, Tarik Kasumovic 6, Dagur Gautason 6, Allan Norðberg 3, Daníel Matthíasson 1, Jón H. Sigurðsson 1, Heimir Ö. Árnason 1, Einar B. Stefánsson 1, Sigþór Gunnar Jónsson 1.

Varin skot: Jovan Kukobat 15 skot.

**Afturelding:** Elvar Ásgeirsson 7, Tumi S. Rúnarsson 7, Árni B. Eyjólfsson 5, Birkir Benediktsson 3, Júlíus Þ. Stefánsson 3, Einar I. Hrafnsson 3, Böðvar P. Ásgeirsson 2.

Varin skot Pálmar Pétursson 17 skot.

### Haukar - Selfoss 30-26

**Haukar:** Daníel Þ. Ingason 10, Orri F. Þorkelsson 6, Halldór I. Jónasson 4, Tjörvi Þorgeirsson 3, Ásgeir Ö. Hallgrímsson 2, Atli M. Báruson 2, Heimir Ó. Heimisson 2, Adam Haukur Baumruk 1.

Varin skot: Grétar Ari Guðjónsson 17 skot.

**Selfoss:** Haukur Þrastarson 6, Einar Sverrisson 5, Árni S. Steinþórsson 4, Hergeir Grímsson 3, Atli Æ. Ingólfsson 2, Guðjón B. Ómarsson 2, Alexander M. Egan 1, Matthías Ö. Halldórsson 1, Sverrir Pálsson 1, Tryggi Þórisson 1.

Varin skot: Sölvi Ólafsson 8 skot og Pawel Kiepulski 5 skot.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Haukar | 12 | ÍR | 6 |
| Selfoss | 12 | ÍBV | 6 |
| FH | 12 | Grótta | 6 |
| Afturelding | 11 | KA | 6 |
| Valur | 11 | Fram | 5 |
| Stjarnan | 6 | Akureyri | 3 |



Sif Atladóttir var eins og klettur í vörn Kristianstad. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Sif varð í öðru til þriðja sæti

**FÓTBOLTI** Sif Atladóttur, landsliðskona í knattspyrnu og leikmaður Kristianstad, tókst ekki að hreppa hnossið í kjörinu á besta leikmanni sænsku úrvalsdeildarinnar fyrir keppnistímabilið sem lauk um mánaðamótin.

Hún var einn þriggja leikmanna sem tilnefndir voru til verðlaunanna, en það var Julia Karlernäs sem varð sænskur meistari með Piteå sem varð hlutskörpust í kjörinu. Sif deildi svo öðru til þriðja sætinu með sænsku landsliðskonunni Caroline Seger, leikmanni Rosengård.

**» Sif Atladóttir var að leika sitt áttunda keppnistímabil fyrir Kristianstad. Hún var lykilleikmaður í vörn liðsins.**

Sif lék 21 af 22 deildarleikjum Kristianstad á síðasta keppnistímabili, en hún er burðarás í vörn liðsins. Hún hefur leikið með sænska liðinu síðan árið 2011, en þar leikur hún undir stjórn Elísabetar Gunnarsdóttur.

Kristianstad hafnaði í fjórða sæti deildarinnar í haust, en liðið fékk 39 stig og var níu stigum á eftir meistaraliði Piteå. **– hó**

# Ólafur bestur þegar mest á reynir

**HANDBOLTI** Ólafur Guðmundsson hefur átt risastóran þátt í að Kristianstad hefur náð í þrjú stig í síðustu tveimur leikjum sínum í Meistaradeild Evrópu. Leikirnir hafa ekki verið á móti neinum amlóðum; Evrópumeisturum Montpellier og ungverska stórveldinu Veszprém. Ólafur var sérstaklega öflugur í seinni hálfleik leikjanna tveggja eins og sjá má á grafinu hér til hliðar.

Á laugardaginn bar Kristianstad sigurorð af Veszprém, 32-29. Líkt og samherjar hans var Ólafur lengi í gang. Hann skoraði úr fyrsta skotinu sínu en nýtti svo aðeins eitt af næstu sjö skotum. Síðustu fimm skot hans enduðu hins vegar öll í markinu. Fjögur marka Ólafs komu á síðustu tíu mínútum leiksins.

Svipað var uppi á teningnum í 29-29 jafntefli við Montpellier í síðustu umferð. Ólafur klúðraði fyrstu fjórum skotum sínum og það tók hann 46 mínútur að skora sitt fyrsta mark. En líkt og gegn Veszprém var hann drjúgur undir lokin og skoraði fjögur af síðustu átta mörkum Kristianstad. Þá átti hann fjölmargar stoðsendingar í leiknum gegn Montpellier.

Í fyrri hálfleik í síðustu tveimur leikjum Kristianstad í Meistaradeildinni var Ólafur með tvö mörk í tíu skotum. Í seinni hálfleik var hann hins vegar með níu mörk í ellefu skotum. Ólafur hefur alls skorað 30 mörk í sex leikjum í Meistaradeildinni í vetur.

Kristianstad er í 7. sæti af átta liðum í A-riðli með þrjú stig. Sænsku meistararnir eiga ágæta möguleika á að komast áfram í 16-liða úrslit Meistaradeildarinnar. – iþs



Ólafur hefur alls skorað 30 mörk í Meistaradeildinni á þessu tímabili. Ellefu þeirra hafa komið í síðustu tveimur leikjum Kristianstad. NORDICPHOTOS/AFP

### Síðustu tveir leikir Ólafs Guðmundssonar með Kristianstad í Meistaradeild Evrópu

Mark · Klúður

**29-29** JAFNTEFLI GEGN MONTPELLIER **4/8**




**32-29** SIGUR Á VESZPRÉM **7/13**










Fyrirtækjafræðsla Íslandsbanka

440 4000

# Fjárfestingar og eignadreifing

**14. nóvember kl. 08:30**
**Norðurturni við Smáralind, 9. hæð**

Miðvikudaginn 14. nóvember stendur Íslandsbanki fyrir opnum fundi um fjárfestingar og eignadreifingu. Á fundinum verður rætt um innlánsreikninga, hlutabréf, skuldabréf og skynsamlega samsetningu eignasafna. Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri Íslandsbanka, flytur erindi og svarar spurningum gesta.

**Skráning og frekari upplýsingar eru á islandsbanki.is/fyrirtaekjafraedsla**

@islandsbanki

islandsbanki.is



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Sveindís Helgadóttir**
(Neðri-Brekku í Saurbæ í Dalasýslu)
Jökulgrunni 9, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 7. nóvember 2018. Útför hennar fer fram í Fossvogskirkju fimmtudaginn 15. nóvember kl. 15. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild 12 E fyrir góða umönnun, hlýhug og virðingu.

**Gunnar Viðar Hafsteinsson** **Ester Helgadóttir**
**Rúnar Á. Harðarson** **Sylvía Bragadóttir**
**Helena Björg Harðardóttir** **Jón Gísli Ragnarsson**
**og barnabörn.**



✝

Eiginmaður minn, faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Örn Ævarr Markússon**
lyfjafræðingur,

lést á Landspítalanum miðvikudaginn 7. nóvember.
Útförin fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 19. nóvember kl. 15.

**Halla Valdimarsdóttir**
**Ragnheiður Elfa Arnardóttir** **Guðjón Ketilsson**
**Snorri Björn Arnarson** **Aðalheiður Sveinbjörnsd.**
**Halla Sigrún Arnardóttir** **Hannes Birgir Hjálmarsson**
**og fjölskyldur.**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*





ÚTFARARSTOFA REYKJAVÍKUR

**Ísleifur Jónsson** Útfararstjóri Farsími 821 5353
**Steinunn Magnúsdóttir** Útfararþjónusta Farsími 861 3441
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**




ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Veist þú hvert eignir þínar renna eftir þinn dag? Kynntu þér málið á heimasíðu okkar, www.útför.is. Þar getur þú m.a. sett inn þínar forsendur í reiknivél. Við aðstoðum þig við gerð erfðaskrár, kaupmála og við dánarbússkipti.

*Með kærleik og virðingu*

**Útfararstofa Kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055.

ÞETTA GERÐIST: 13. NÓVEMBER 1999

## Fyrsta Harry Potter-bókin leit dagsins ljós

Harry Potter og viskusteinninn kom út þennan dag árið 1999 í íslenskri þýðingu. Helga Haraldsdóttir þýddi og naut liðsinnis Guðna Kolbeinssonar. Bókin er fyrsta bókin um galdrastrákinn Harry Potter sem J.K. Rowling skrifaði. Bókin heitir á frummálinu Harry Potter and the Philosopher's Stone. Bókaútgáfan Bjartur gaf bókina út á Íslandi.

Bókin kom út árið 1997 á Englandi en íslenskir bókaútgefendur voru ekki vissir um hvort íslensk börn hefðu gaman af sögunum. Þriðja bókin var komin út, Fanginn frá Azkaban, þegar Bjartur greip vöndinn og gaf út íslenska þýðingu. Þess má geta að trommuleikarinn Keli í Agent Fresco var módelið fyrir teikninguna af Harry Potter en faðir hans, Guðjón Ketilsson, teiknaði kápuna. Trúlega áttu fáir von á því Harry Potter-æði sem bókin bjó til en eftir bókina komu myndirnar sem enn mala gull og skapa fjölskyldustemningu heima í stofu.



**Daniel Radcliffe sem Harry Potter.**



**Keli trommari í Agent Fresco var módelið fyrir teikninguna af Harry Potter á kápu fyrstu bókarinnar í flokknum á íslensku.**



✝

Okkar kæri

**Loftur Þór Sigurjónsson**
Boðagranda 7, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi sunnudaginn 4. nóvember 2018.
Útförin fer fram frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 15. nóvember 2018 klukkan 11.

**Þórunn Edda Sigurjónsdóttir** **Leifur Magnússon**
**Sigurjón Halldórsson** **Gunnlaug Thorlacius**
**Kjartan Þór Halldórsson** **Hulda S. Bjarnadóttir**
**Þórunn Edda, Halldór Hrafnkell og Katla**
**Sólrún Harpa og Hekla Særún**



✝

Elskulega móðir okkar og
tengdamóðir,

**Eva Aðalsteinsdóttir**
Mýrarvegi 111, Akureyri,

lést að dvalarheimilinu Hlíð að morgni 9. nóvember.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**

**Aðalsteinn Sigurgeirsson** **Anna Gréta Halldórsd.**
**Páll Sigurgeirsson** **Aðalbjörg María Ólafsd.**
**Hanna Indiana Sigurgeirsd.** **Ragnar Daníelsson**
**Svanhildur Sigurgeirsdóttir**
**Halla Sólveig Sigurgeirsdóttir** **Valur Knútsson**
**Sigurgeir Heiðar Sigurgeirsson** **Ásgerður Hrönn Hafstein**



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
stjúpmóðir, tengdamóðir og amma,

**Agnes Geirsdóttir**
Stekkjargötu 21, Reykjanesbæ,

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja þann 28. október sl.
Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 16. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

**Guðjón Guðmundsson**
**Geir Rúnar Birgisson** **Laufey Ólafsdóttir**
**Hrafnhildur Birgisdóttir** **Aðalsteinn Sigurðsson**
**Kristín Guðjónsdóttir** **Gísli Stefán Sveinsson**
**Hildur Guðjónsdóttir** **Arnar Snæberg Jónsson**
**og barnabörn.**



✝

Okkar elskaði

**Ingi Birgir Sverrisson**
bílstjóri,

lést 27. október.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að hans ósk.

**Fyrir hönd nánustu ástvina,**
**Margrét Adólfsdóttir**
**Ragnhildur Hallgrímsdóttir**



✝

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Jóhanna Sigríður Sigurðardóttir**
til heimilis að Dalbæ, Dalvík,

lést þann 2. nóvember. Útför hennar verður gerð frá Grafarvogskirkju, fimmtudaginn 15. nóvember kl. 13.00.

**Svavar Ólafsson** **Ulla Britt Söderlund**
**Sverrir Ólafsson** **Marianne Blomberg**
**Þóra Ólafsdóttir Hjartar** **Björgvin Yngvason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Hjartkær sambýlismaður minn,
bróðir og frændi,

**Bjarni Bergsson**
skipasmiður,
Álfheimum 66,

andaðist á Landakoti 7. nóvember.
Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 15. nóvember kl. 13.00.

**Hanna Sigurðardóttir**
**Guðbergur Bergsson**
**Vilhjálmur Bergsson**
**Hinrik Bergsson**
**og aðrir aðstandendur.**

# Fólk

Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 13. NÓVEMBER 2018

**Bókabrölt í Breiðholti er skemmtilegt verkefni. Fimm hillur verða settar upp í hverfinu þar sem fólk getur komið með notaðar bækur og tekið aðrar í staðinn.**

lestur →4



„Það hljómar kannski furðulega en fyrir mér leið hlaupið ótrúlega hratt og ég skælbrosti alla leiðina," segir Hildur um Laugavegshlaupið. MYND/ERNIR

# Hlaupin veita hamingju og lífsgleði

Hildur Guðný Káradóttir hljóp frá Landmannalaugum til Þórsmerkur í sumar. Hún naut þess að hlaupa um hálendið og segist aldrei hafa verið jafnstolt af sjálfri sér og þegar hún kom í mark. Hún hóf að stunda hlaup fyrir tilviljun. →2

100% HREINT
KOLLAGEN
FYRIR ANDLITIÐ



Fæst í apótekum, Heilsuhúsinu og www.heilsanheim.is

Framhald af forsíðu ➜

Sigríður Inga Sigurðardóttir
sigriduringa@frettabladid.is



Ég hóf að stunda utanvegahlaup fyrir algjöra tilviljun. Í fyrravor fagnaði ég þrítugsafmælinu mínu og það eina sem ég bað um í afmælisgjöf var að fara í göngu yfir Fimmvörðuhálsinn. Þetta var hefðbundin ganga og mjög skemmtileg. Í einni nestispásunni kom fólk hlaupandi á móti okkur með Elísabetu Margeirsdóttur í fararbroddi. Ég varð gjörsamlega heilluð og þegar ég kom heim leitaði ég að upplýsingum um utanvegahlaup og hvar ég gæti skráð mig til leiks,“ segir Hildur Guðný Káradóttir, verkefnastjóri hjá Icelandair.

Hún fann heilt samfélag sem stundar utanvegahlaup allt árið um kring og æfir núna tvisvar í viku með Náttúruhlaupum og einu sinni í viku með Hlaupahópi FH. „Ég fer líka þrisvar í viku í Víkingaþrek í Mjölni sem er alhliða styrktarþjálfun, sem mér finnst mikilvægt að stunda með hlaupunum. Þegar ég byrjaði að hlaupa utanvega kom mér á óvart hvað mér fannst það miklu skemmtilegra en götuhlaupin. Það er ótrúleg upplifun að hlaupa einn með sjálfum sér, vaða ár, klífa fjöll, spretta niður brekkur og hoppa á milli þúfna og yfir læki,“ segir Hildur brosandi og bætir við að í nágrenni höfuðborgarinnar séu margar fallegar hlaupaleiðir sem hún mæli með.

„Ég hleyp til dæmis oft um Heiðmörk, Búrfellsgjá, Valaból, Vífilsstaðahlíð, í kringum Hvaleyrarvatn og upp á Esjuna og Helgafell í Hafnarfirði. Í gegnum utanvegahlaupin hef ég kynnst landinu okkar enn betur og upplifi náttúruna frá fyrstu hendi. Margir setja íslenska veðrið fyrir sig en í raun er versta veðrið oftast í forstofunni heima hjá manni. Við sem búum á Íslandi getum ekki eytt níu mánuðum ársins í að bíða eftir góðu veðri.“

## 55 kílómetra fjallahlaup

Í upphafi árs ákvað Hildur að taka þátt í Laugavegshlaupinu en það er 55 kílómetra últra fjallahlaup með um 1.900 metra heildarhækkun og 2.200 metra heildarlækkun.

„Mig langaði að takast á við mikla áskorun. Ég fór því á fimmtán vikna undirbúningsnámskeið á vegum Náttúruhlaupa undir handleiðslu Elísabetar Margeirsdóttur og annarra vel valinna reynslubolta. Við vorum um 25 saman á námskeiðinu og náðum að kynnast vel á tímabilinu sem er mér mjög dýrmætt. Við æfðum saman tvisvar í viku auk þess sem

> „Margir setja veðrið fyrir sig en í raun er versta veðrið í forstofunni heima hjá manni. Við getum ekki eytt níu mánuðum á ári í að bíða eftir góðu veðri.

við fengum verkefni til að sinna sjálf. Önnur æfingin var styttri tækniæfing þar sem við æfðum brekkuhlaup, tempóhlaup og fleira til að bæta tækni, hraða og styrk en hin var mun lengri og þá var lögð áhersla á langar vegalengdir. Með hverri vikunni var bætt í vegalengdina og síðasta æfingin, þremur vikum fyrir keppni, var 37 kílómetrar. Námskeiðið var frábærlega upp sett og hentaði mér svakalega vel. Við æfðum á mörgum skemmtilegum svæðum og fórum meðal annars til Vestmannaeyja þar sem við þræddum alla helstu tinda eyjunnar. Auk þess fórum við í tvö keppnishlaup á undirbúningstímanum, Hvítasunnuhlaup Hauka, 22 kílómetra hlaup um uppsveitir Hafnarfjarðar, og Mt. Esjan Ultra, tvær ferðir upp að steini,“ segir Hildur.



Hildur hefur alltaf haft mikinn áhuga á íþróttum og hreyfingu og segir að utanvegahlaupin sameini þetta tvennt, ásamt ást hennar á náttúrunni. MYND/ERNIR

## Skælbrosti alla leiðina

Laugavegshlaupið er frá Landmannalaugum í Þórsmörk í dásamlega fallegu umhverfi. „Vaðið er yfir jökulár upp að hnjám og hlaupið yfir sand, möl, gras, snjó og læki. Í ár var nokkuð mikill snjór á 5-7 kílómetra kafla í kringum Hrafntinnusker sem var frekar krefjandi en þó ennþá skemmtilegt hvað leiðin er fjölbreytt. Ég held að ég hafi aldrei verið jafn stolt af sjálfri mér og þegar ég kom í mark og mínir nánustu tóku á móti mér. Það hljómar kannski furðulega en fyrir mér leið hlaupið ótrúlega hratt og ég skælbrosti alla leiðina. Ég hef líklega sjaldan skemmt mér jafn vel og ég gerði á leiðinni, þó að ég hafi að mestu verið alein uppi á hálendinu. Það er eitthvað alveg sérstakt við það að vera aleinn, „in the middle of nowhere“ með allt sem maður þarf á bakinu og þurfa að bjarga sér. Ég trúi því að það styrki mann sem einstakling og hjálpi manni að takast á við vandamál sem geta komið upp á öðrum vígstöðvum,“ segir Hildur sem er þegar búin að skipuleggja hlaup næsta árs.

„Ég bókaði ferð í ágúst á næsta ári með Náttúruhlaupum og Íslenskum fjallaleiðsögumönnum til fjallabæjarins Chamonix í frönsku Ölpunum. Í ferðinni verður hlaupið daglega í og í kringum Mont Blanc sem er hæsti tindur Evrópu. Ég hlakka gríðarlega mikið til. Svo langar mig í Tindahlaup Mosfellsbæjar, Hengil Ultra og Súlur Vertical. Ég ætla líka aftur í Laugavegshlaupið,“ segir hún og hvetur áhugasama til að kynna sér síðuna hlaup.is en þar megi finna dagskrá yfir keppnishlaup ársins.

## Fer í fjallgöngur með kærastanum

Hildur er í sambúð með Hrólfi Erni Jónssyni. Hún segir að þau fari oft saman í fjallgöngur en hann hafi minni áhuga á hlaupunum en hún. „Ég segi stundum að hann hafi líklega hlaupið yfir sig í fótboltanum en það er aldrei að vita hvað verður og hvort ég smiti hann af hlaupabakteríunni. Ég tel það vera gott og heilbrigt fyrir öll sambönd að báðir aðilar stundi áhugamál sem þeir eiga út af fyrir sig. Hann er minn helstu stuðningsaðili og hefur óbilandi trú á mér. Það var einmitt hann sem gaf mér gönguna yfir Fimmvörðuhálsinn í þrítugsafmælisgjöf svo líklega á ég honum það að þakka að ég uppgötvaði utanvegahlaupin.“



Hildur kælir sig niður í Skógá eftir hlaup yfir Fimmvörðuháls í sumar.

Spurð hvort hún þurfi að huga sérstaklega að mataræðinu segir Hildur að sér finnist hinn gullni meðalvegur skipta mestu máli. „Ég hef aldrei farið í megrunarkúr eða á sérstakt mataræði sem er í tísku þá stundina. Ég er þó mjög öguð þegar kemur að mataræðinu og legg áherslu á að borða hreint fæði sex daga vikunnar, svo sem kjúkling, lax, grænmeti og ávexti. Þá held ég mig algerlega frá sykri, unnum matvörum og einföldum kolvetnum. Ég reyni líka að hlusta vel á líkamann í stað þess að borða bara eftir klukkunni. Ég á þó alltaf einn dag í viku sem ég leyfi mér að borða það sem mig langar í og það fyrirkomulag hentar mér einstaklega vel.“

Hildur nefnir að strax sem barn hafi hún haft yndi af útiveru og ferðast mikið innanlands en hún fór í sína fyrstu útilegu aðeins tveggja mánaða gömul.

„Foreldrar mínir eru mikið útivistarfólk svo ég á ekki langt að sækja þessa náttúrudýrkun. Auk þess hef ég alltaf haft mikinn áhuga á íþróttum og almennri hreyfingu og er mjög mikil keppnismanneskja. Mér finnst utanvegahlaupin einmitt sameina áhuga minn á hreyfingu og ást mína á náttúrunni svo gríðarlega vel. Ég hefði aldrei getað ímyndað mér hvað hlaupin gætu veitt mér mikla hamingju og lífsgleði. Það að setja sér markmið, leggja sig allan fram og að lokum ná þeim er algjörlega mögnuð tilfinning og fyllir mann miklu stolti. Og því brjálæðislegri sem markmiðin eru, þeim mun betra, en þá er mikilvægt að maður hafi trú á sjálfum sér, hætti að bera sig saman við aðra og haldi áfram þó að eitthvað gangi ekki samkvæmt áætlun. Það er þessi jákvæða hugsun sem mér finnst skipta öllu máli, að njóta þess að lifa í augnablikinu, læra að meta það að hafa heilsu til að hreyfa sig og vera þakklátur fyrir að búa á þeirri náttúruperlu sem Ísland er,“ segir Hildur að lokum.

Hægt er að fylgjast með Hildi á Instagram – hildurgudny.




IÐA-bókakaffi Vesturgata 2a 101 Rvk.
opið til 22 alla daga.

# Góður svefn er gulli betri

## Ýmislegt er hægt að gera til að ná betri nætursvefni og það er til gríðarlega mikils að vinna því ekkert hefur eins mikil áhrif á heilsufar okkar og svefninn.



Grunnur að góðri heilsu er góður og endurnærandi svefn.

Talið er að um 30% Íslendinga sofi of lítið og fái óendurnærandi svefn. Þó svo að um tímabundið svefnleysi sé að ræða getur það valdið vanlíðan og þreytu á daginn og haft mikil áhrif á dagleg störf. Við eigum erfiðara með að einbeita okkur, erum þreytt og pirruð og rökhugsun skerðist. Svefn þarf að vera nægur og endurnærandi þar sem hann er undirstaða góðrar heilsu en um það bil þriðjungi mannsævinnar er varið í svefn. Það er því afar mikilvægt að setja svefn og svefnvenjur í forgang þegar hugað er að heilsunni,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir heilsumarkþjálfi.

### Líðan og hegðun

Langir vinnudagar, streita, áhyggjur, mataræði og svo margt fleira, getur haft slæm áhrif á svefninn. Þetta eru allt þættir sem við þurfum að huga að og vinna í að breyta en eitt af því sem við getum byrjað strax á er að koma sér upp rútínu fyrir svefninn sem miðar að því að við slökum á og gleymum aðeins amstri dagsins. Mikilvægt er að það sé ávallt ferskt og gott loft í svefnherberginu okkar og gott er að draga eins og hægt er úr rafmagnstækjanotkun ásamt því að sleppa alveg notkun á tölvum, iPad og símum rétt áður en farið er að sofa. Bæði getur rafsegulsviðið kringum tækin haft áhrif og svo er talið að bláu geislarnir frá skjánum leiði til minni framleiðslu af svefnhormóninu melatóníni í heilakönglinum og geti því spillt nætursvefninum.

**Sölustaðir:**

**Flest apótek og Heilsuhúsið**

### Slökun fyrir svefninn

Góð slökun getur falist í góðri bók, hlustun á róandi tónlist eða jafnvel einhvers konar slökun eða íhugun frekar en að hafa sjónvarpið í gangi yfir rúminu. Gætum þess einnig að hafa hljótt í kringum okkur og dimmum herbergið vel þegar við ætlum að fara að sofa. Einnig er það gríðarlega góð venja að hafa enga síma eða þess háttar í svefnherberginu og vera um leið fyrirmynd barnanna okkar. Bætiefni, jurtir o.fl. geta líka nýst okkur vel og alltaf er hægt að prófa sig áfram með slíkt.



**„Svefnþörf fullorðinna er um 7 til 8 klukkustundir og of stuttur svefn að staðaldri hefur neikvæðar afleiðingar á líkamlega og andlega líðan ásamt því að fela í sér töluverða slysahættu.**

Hrönn Hjálmarsdóttir heilsumarkþjálfi

### Róandi ilmkjarnaolíur

Ilmkjarnaolíur myndast þegar vissir plöntuhlutar jurtar eru eimaðir og útkoman verður fjölvirkar náttúrulegar olíur sem geta gagnast okkur á ýmsan hátt. Lavender hefur sérlega slakandi, sefandi og róandi áhrif og er vinsæll í svefnremedíum af ýmsu tagi. Sleep Therapy Aroma Ball frá Dr. Organic er í einstaklega þægilegum umbúðum sem er gott að nota til að bera á púlsstöðvarnar fyrir dýpri og værari svefn. Auk lavenders er m.a. ylang-ylang, patchouli, kamilla og Arabian jasmine en þessi einstaka blanda lífrænna ilmkjarnaolía hjálpar okkur að slaka á og koma kyrrð á hugann þannig að svefninn verður lengri og dýpri.









### L-tryptófan í Good Night

Til að líkaminn framleiði svefnhormónið melatónín þarf m.a. að vera til staðar amínósýra sem kallast L-tryptófan. Hún fyrirfinnst í ýmsum matvælum en er líka eitt helsta innihaldsefni Good Night svefnbætiefnisins. Jurtir, vítamín og steinefni í Good Night ýta svo undir að góður svefn náist. Þessi efni eru:

- Melissa
- Lindarblóm
- Hafrar
- B-vítamín
- Magnesíum

Jurtirnar eru allar þekktar fyrir að hafa róandi og slakandi áhrif, B-vítamín er gott fyrir taugakerfið ásamt magnesíum sem er einnig vöðvaslakandi.





### Húðmjólk með magnesíum og ilmkjarnaolíum

Magnesíum er gríðarlega mikilvægt fyrir líkamsstarfsemina. Það kemur við sögu í yfir 300 mismunandi efnaskiptaferlum í líkamanum en það þarf magnesíum til að ýta undir aukna orku, jafna út blóðflæði, auka kalkupptöku og hjálpa vöðvastarfsemi líkamans. Þetta steinefni er líka undirstaða þess að vöðvarnir nái slökun sem er mikilvægt þegar við förum að sofa. Nú er komin á markað húðmjólk sem inniheldur magnesíum og auðvelt er að bera á sig þar sem hún smýgur auðveldlega inn í húðina og áhrifin skila sér hratt og vel. Auk magnesíum inniheldur hún bæði lavender og kamillu sem róar og sefar og undirbýr líkamann fyrir svefninn. Magnesium Sleep frá Better You er fyrir fullorðna en svo er líka til Magnesium Sleep Junior sem er sérstaklega hugsuð fyrir börn frá 1 árs aldri.





### Setjum okkur í fyrsta sæti

„Okkar eigin líðan og heilbrigði er að stærstum hluta undir okkur sjálfum komið og við verðum ávallt að koma fram við okkur sjálf eins og okkar besta vin. Öll viljum við lifa lengi, heilbrigð á líkama og sál, en það er ekki sjálfgefið. Til að hafa góðan grunn til að byggja á er gott að byrja á því að koma svefninum í gott horf og sofa nóg en þá verður eftirleikurinn auðveldari,“ árettir Hrönn.

### Prófuð af húðsjúkdómalæknum

Þessar vörur hafa verði prófaðar af húðsjúkdómalæknum og henta fyrir viðkvæma húð. Inniheldur ekki parabena, gervi-, litar- eða ilmefni.

# Foreldrar eru bestu lestrarfyrirmyndirnar




**Bókabrölt í Breiðholti er skemmtilegt verkefni sem öll foreldrafélög grunnskólanna í Breiðholti standa að. Fimm hillur verða settar upp í hverfinu þar sem fólk getur komið með notaðar bækur og tekið aðrar í staðinn. Opnunarhátíð verður í Mjódd fimmtudaginn 15. nóvember klukkan 17.**

Sólveig Gísladóttir
solveig@frettabladid.is



Frábært samstarf allra fimm foreldrafélaganna í grunnskólum Breiðholts þykir einstakt, en skólarnir eru Seljaskóli, Hólabrekkuskóli, Ölduselsskóli, Fellaskóli og Breiðholtsskóli. Verkefnið Bókabrölt í Breiðholti er eitt af fjölmörgum verkefnum sem samstarfið hefur getið af sér. „Hugmyndin að Bókabröltinu vaknaði fyrir um ári en fyrirmyndir að svipuðum verkefnum má finna víða erlendis,“ segir Dröfn Vilhjálmsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur í Seljaskóla, sem kemur þó að verkefninu fyrst og fremst sem foreldri.

„Um leið og Bókabrölt í Breiðholti mun setja skemmtilegan svip á hverfið stuðlar verkefnið að því að efla lestraráhuga og lestrarfærni meðal fullorðinna og barna með það að leiðarljósi að lestrarfyrirmyndir heima fyrir hafa mikil áhrif á bókaáhuga barna,“ segir Dröfn.

Verkefnið gengur út á að koma upp fimm hillum á fimm stöðum í hverfinu. Í hillunum verða notaðar bækur sem fólki er frjálst að taka með sér og það hvatt til þess að koma með aðrar notaðar í staðinn. „Við fengum fimm hillur gefins og ein fór í hvern skóla. Þar voru nemendur fengnir til að mála og skreyta hillurnar. Ein hilla verður síðan í hverju skólahverfi, á fjölförnum stað.“

### Opnunarhátíð á fimmtudag

Allar fallega skreyttu hillurnar fimm verða í Mjódd klukkan 17 fimmtudaginn 15. nóvember þegar haldin verður opnunarhátíð. „Ævar vísindamaður verður kynnir en þetta verkefni rímar mjög vel við lestrarátak hans, en það síðasta verður haldið í janúar. Þá munu foreldrar einnig geta skilað inn lestrarmiðum eins og börnin hafa gert,“ lýsir Dröfn. Tónlistarmaðurinn og Breiðhyltingurinn



Dröfn Vilhjálmsdóttir vonast til að bókabröltið muni mælast vel fyrir.

Halli Reynis mun spila tónlist og á meðan mun fólk geta raðað bókum sem það kemur með í hillurnar fínu. Opnunarhátíðin er öllum opin en einnig hafa boðað komu sína ýmsir vel þekktir Breiðhyltingar úr skóla- og frístundastarfi hverfisins sem leggja til bækur af ýmsum toga. „Ég hvet fólk til að mæta og taka með sér eina af sínum uppáhaldsbókum og gefa í Bókabröltið.“

Eftir hátíðina verður farið með allar hillurnar á sína staði, í ÍR-heimilið, Seljakjör, Hólagarð, Mjódd og Breiðholtslaug. Hvert foreldrafélag mun fóstra eina hillu og sjá til þess að henni sé vel við haldið.

### Bókamerki og Facebook-síða

Þeir sem vilja geta fylgst með hillunum á Facebook-síðunni Bókabrölt í Breiðholti. Þar verða reglulega birtar myndir af hillunum. „Þannig getur fólk séð spennandi bók sem það langar í, farið á staðinn og kippt henni með sér heim.“

Foreldrafélögin hafa látið hanna fyrir sig lógó og útbúa bókamerki






Nemendur grunnskólanna í Breiðholti sáu um að skreyta bókahillurnar fimm.

> **Um leið og Bókabrölt í Breiðholti mun setja skemmtilegan svip á hverfið stuðlar verkefnið að því að efla lestraráhuga og lestrarfærni meðal fullorðinna og barna.**

sem dreift verður til viðstaddra á fimmtudaginn. Bókamerkin verða svo aðgengileg í bókahillunum meðan birgðir endast.

### Bækur á ýmsum tungumálum

Samfélagið í Breiðholti er líflegt og fjölþjóðlegt. „Við höfum reynt að koma upplýsingum til fólks af ólíku þjóðerni í hverfinu í gegnum til dæmis Pólska skólann og ýmis sendiráð. Bókabröltið er nefnilega frábær vettvangur fyrir fólk frá hinum ýmsu löndum til að deila bókum á sínu tungumáli og fá aðrar.

### Vonandi komið til að vera

Dröfn segist viss um að bókabröltið muni hafa margar jákvæðar afleiðingar. „Markmiðið er að gera bækur sýnilegar og efla foreldra og aðra fullorðna í hverfinu sem lestrarfyrirmyndir en ég get líka ímyndað mér að bókahillurnar verði góður staður til að hitta fólk og spjalla við það hvort sem er um bækur eða daginn og veginn.“ Hún vonast til að átakið muni mælast vel fyrir. „Við munum meta verkefnið eftir eitt ár og sjá hvort tilefni sé til að fjölga hillum. Við vonum að þetta sé komið til að vera.“


JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

**Kemur út þriðjudaginn 27. nóvember.**

Skemmtilegt blað sem kemur inn á allar hliðar jólaundirbúningsins.
Uppflettirit sem lesendur leita í aftur og aftur.

Yfir 100 síður

**Viltu þú auglýsa í mest lesna jólablaði landsins?**

**Hafðu þá samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins.
Sími 550 5077 – serblod@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ


Hafðu
AKU
með í valinu
Kaup á nýjum gönguskóm getur verið snúið ferli. Til að velja rétt þarf að vera hægt að bera saman allar helstu gerðir. Því er best að gefa sér góðan tíma, fara á alla helstu sölustaði, prófa, máta og taka síðan upplýsta ákvörðun.
AKU skórnir eru framleiddir á Ítalíu úr100% evrópskum íhlutum og efnum
Aukin mýkt við ökkla
GoreTex filma, 100% vatnsvörn
2mm gúmmíborði (grjótvörn) sem hentar vel í íslensku hraunlendi
Dempun
IMS: Kerfi sem gefur auka mýkt niður í sólann
AKU Exoskeleton, innan- og utanfótarstuðningur
Mýkra leður til að minnka spennu og auka þægindi
Reimalæsing, hægt að vera með sitthvora stillinguna yfir rist, eða um ökkla
Rúllukefli til að halda jafnri spennu á reimum
2,6mm ekta ítalskt Nubuck leður
Custom fit innlegg
Vibram sóli
AKU SUPERALP GTX
39.990 kr.
STÆRÐIR 35-48
Léttir gönguskór Herra/Kvenna
AKU TRIBUTE GTX
24.990 kr.
Borgarskór/Kvenna
AKU Riva High GTX
26.990 kr.
NÝTT
Léttir borgarskór/Herra
AKU Bellamont II Mid Plus
26.990 kr.
NÝTT
Borgarskór/Herra
AKU Ledro FG MID GTX
26.990 kr.
NÝTT
Lágir gönguskór Borgarskór/Kvenna
fáanlegir í 2 litum
AKU Bellamont Gaia GTX
23.990 kr.
NÝTT
GG·sport
BÓNUS
BYKO
Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 • www.ggsport.is
Opið virka daga frá 10.00 til 18.00, laugardaga frá kl. 11.00 til 15.00
„Finndu okkur á Facebook"



Lindex lét hanna bleikt armband sem selt hefur verið til styrktar Krabbameinsfélögum á landinu.

## Bleikt armband uppselt í Lindex

Lindex styrkir baráttuna gegn brjóstakrabbameini sjöunda árið í röð. Lindex lét hanna bleikt armband í tilefni baráttunnar gegn brjóstakrabbameini og er armbandið uppselt í verslunum Lindex. Einnig hefur sala bleiku slaufunnar gengið vel og bleikir fjölnota pokar eru nánast uppseldir.

Upphæðin sem hefur safnast með sölu bleika armbandsins, bleiku slaufunnar og bleika pokans er 2,5 milljónir króna og rennur hún til Krabbameinsfélags Íslands. Þetta er meðal hæstu styrkja Lindex til þessa í baráttunni gegn brjóstakrabbameini.

„Verkefni Krabbameinsfélags Íslands snertir okkur sem og velflesta með einum eða öðrum hætti og erum við því stolt af og um leið þakklát fyrir að geta státað af þessum árangri," segir Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir, umboðsaðili Lindex á Íslandi.



Bleiki fjölnotapokinn hefur einnig verið vinsæll hjá viðskiptavinum.

Til viðbótar hefur sala farið fram í gegnum verslanir Lindex og samstarfsaðila til styrktar Krabbameinsfélagi Selfoss, Krabbameinsfélagi Akureyrar, Krabbameinsfélagi Akraness og Krabbameinsfélagi Keflavíkur sem njóta samanlagt yfir 700 þúsund króna styrks þetta árið.

Samtals er því framlag viðskiptavina Lindex til baráttunnar gegn brjóstakrabbameini 3,3 milljónir króna árið 2018.

Frá upphafi hafa safnast um 19 milljónir króna í gegnum Lindex til baráttunnar gegn brjóstakrabbameini.

„Þessi mikli stuðningur sem Lindex veitir okkur er ómetanlegt innlegg í baráttuna gegn krabbameinum. Til að Krabbameinsfélagið geti sinnt starfi sínu og veitt þeim sem greinast með krabbamein og aðstandendum þeirra þjónustu, reiðir félagið sig á stuðning almennings og fyrirtækja. Bakhjarlar á borð við Lindex sem standa með okkur ár eftir ár skipta okkur því gífurlega miklu máli," segir Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands.

## Karlar leita síður til læknis í fyrirbyggjandi tilgangi

Lífslíkur karla eru víðast hvar í heiminum lakari en kvenna. Á Íslandi eru meðaltalslífslíkur karla 81,2 ár en kvenna 84,1. Ein ástæða þess er talin sú að karlmenn eru almennt mun ólíklegri til að heimsækja lækni í fyrirbyggjandi tilgangi en konur. Slíkar heimsóknir eru hins vegar afar þýðingarmiklar. Bæði til að halda góðri heilsu og eins til að hægt sé að bera kennsl á heilsubrest áður en hann verður að lífsógnandi vandamáli. Það er því alls ekki úr vegi að panta tíma hjá heimilislækni til að láta kanna helstu heilsufarsatriði, og þá jafnvel þó að menn kenni sér ekki meins.





# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

**BÍLAHÖLLIN**
S: 567-4949



NISSAN Juke diesel. Árgerð 2013, ekinn 60 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 1.890.000. Rnr.152389.



TOYOTA Yaris H/B Active . Árgerð 6/2018, ekinn 14 Þ.KM, bensín, SJÁFSKIPTUR Verð 2.490.000. Rnr.280021.



SUZUKI Vitara GL 4x4. Árgerð 2017, ekinn 80 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Frábært, tilboðsverð 2.290.000. Ásett verð 2.590.000. Rnr.280136.

**BÍLAHÖLLIN**
S: 567-4949



TOYOTA Rav4 GX 4x4. Árgerð 3/2018, ekinn 30 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.152399.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

**KRÓKUR**

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**




## Þjónusta

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**
Alhliða málningarþjónusta löggiltra fagmanna. malarar@simnet.is Sími 891 9890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.



**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**

**Við útvegum hæfa starfskrafta í flestar greinar atvinnulífsins**

Traust og fagleg starfsmannaveita
sem þjónað hefur íslenskum fyrirtækjum í áraraðir

Suðurlandsbraut 6, 108 Rvk | S. 419 9000 | info@handafl.is | **handafl.is**

HANDAFL STARFSMANNAVEITA

ráðum ráðningarstofa

**Þarftu að ráða starfsmann?**
Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.
Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.




**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

**STÓRA BÍLASALAN**
*...á verði fyrir þig!*

## Húsaviðhald

**Flísalagnir - Múrverk - Flotun - Sandsparsl - Málun - Tréverk**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf. S. 893 6994

## Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Til sölu

**mýranaut**
Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
jonogoskar.is s.552-4910

## Ökukennsla

